

Sp.

769. Tillaga til þingsályktunar

[174. mál]

um innflutning erlendra bóka og tímarita.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að leyfður verði nægilegur innflutningur erlendra bóka og tímarita til þess að fullnægja eðlilegri eftirspurn.

Greinargerð.

Um alllangt skeið undanfarið hefur verið mikill skortur erlendra bóka og tímarita í bókaverzlunum landsins. Getur varla heitið, að ný erlend bók hafi sézt í bókaverzlun í Reykjavík í marga mánuði, og utan Reykjavíkur hefur ástandið varla verið betra. Þarf ekki að orðlengja um það, að við slíkt er ekki unandi til lengdar. Íslendingar eru bókhneigðir, og erlendar bækur og erlend tímarit hafa jafnan verið mikið lesin á Íslandi til fróðleiks og skemmtunar. Fjölmörgum er og ókleift að sinna störfum sínum svo vel sem skyldi, nema eiga greiðan aðgang að erlendum bókum og tímaritum til þess að geta aukið þekkingu sína og kynnt nýjungum. Því smærri sem þjóð er, þeim mun nauðsynlegra er henni að vera í sem nánustum menningartengslum við umheiminn. Þau tengsl verða á engan einn hátt betur tryggð en þann, að þjóðin eigi sem greiðastan aðgang að bókum og tímaritum annarra menningarþjóða.

Flm. þessarar tillögu er ljóst, að hæpið er fyrir Alþingi að ætla sér að hafa afskipti af því í einstökum atriðum, hvað flutt sé til landsins. Öðrum stofnunum hefur verið falið það hlutverk að taka ákvörðun um það. Hins vegar hafa verið fluttar á Alþingi og samþykktar tillögur, þar sem látn er í ljós ósk um aukinn innflutning á vörutegundum, sem skortur hefur verið á. Með tilliti til þess getur það ekki talizt óeðlilegt, þótt lagt sé til, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að hlutast til um, að bætt verði úr þeim brýna skorti erlendra bóka og tímarita, sem ríkt hefur í landinu.

Tillaga þessi er heldur ekki fram borin fyrir þá sök, að flm. hennar telji ástæðu til að ætla, að þau yfirvöld, sem ákvörðun taka um þessi efni, hafi ekki nægilegan skilning á nauðsyn innflutnings erlendra bóka og tímarita. Hitt er vitað, að meðan jafnmikill skortur er á erlendum gjaldeyri og nú á sér stað, knýja margir á dyr innflutningsyfirvaldanna og fleiri en unnt er að sinna. En ef Alþingi samþykkti ályktun þessa, yrði yfirvöldunum væntanlega auðveldara að láta bókainnflutning njóta þess forgangsréttar unfram annan miður þarfari innflutning, sem fyllsta ástæða er til, að hann njóti.